



3. fundur stjórnar LH 2024-2026  
13. nóvember 2024 kl. 19:00  
Fjarfundur

**Mætt úr aðalstjórn:** Linda Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Sveinn Heiðar Jóhannesson

**Mætt úr varastjórn:** Ragnhildur Gísladóttir, Jón Þorberg Steindórsson Hilmar Guðmannsson,.

**Forföll boðaði:** Sigurbjörn Eiríksson

**Fjarverandi:** Reynir Atli Jónsson

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

*Formaður setur fund og stýrir fundi.*

1. Samþykkt fundargerðar 2. fundar

2. Formaður fer yfir stöðuna frá síðasta fundi

Formaður hefur átt annasama og áhugaverða viku með mörgum fundum og símtölum. Helst ber að nefna fund með Afreks- og landsliðsnefnd þar sem farið var yfir kostnað og tekjuliði fyrir komandi HM ár og Menntadaginn okkar.

Formaður ásamt framkvæmdastjóra eru að semja bréf til ráðherra með áskorun um að auka framlög til reiðvegamála eins og samþykkt var á Landsþingi.

Formaður hefur einnig notað tímann vel í að kynna sér mál er varðar hvort einhver útistandandi mál er varðar málefni knapa sem voru upp á borði fyrri stjórnar væru óafgreidd. Svo er ekki að mati formanns. Mjög mikilvægt að það komi fram að það er landsliðsþjálfari hverju sinni sem velur landslið sem er svo kynnt fyrir Landsliðsnefnd-og afreksnefnd og svo stjórn LH.

*Afgreiðsla: Til upplýsingar*

3. Fundur NIHC – formanna Norðurlanda

Formaður greindi frá fundi formanna Norðurlanda sem haldinn var 12. nóv.

Nokkrar tillögur eru í pípunum sem formennirnir munu leggja formalega fyrir þing. Þar af er til dæmis tillaga um að nefndafólk í æskulýðsnefnd séu undir 60 ára aldri.

Önnur tillaga um að ítreka við FEIF að það þurfi að efla menntun dómara. Ákveðið var að senda þá tillögu ekki inn þar sem það er á valdi hvers lands að mennta sína dómara.

Spjaldanotkunartillagan sem kynnt var á landsþingi verður lögð fram. Lagt verður til að efla áverkaskoðun í keppni. Lögð verður áhersla á hestavelferð innan FEIF og lagt er til að skipaður verði stjórnarmaður sem færi fyrir nefnd um SLO-málefni.

Linda lagði til að reynt verði að koma gæðingakeppni undir regluverk FEIF.

Rætt var um mögulega kandiðata til framboðs forseta FEIF, frestur til framboðs er 19. nóv. Starfsmaður FEIF til tuga ára, Susanne Frölich er einnig að hætta.

*Afgreiðsla: Til upplýsingar*



#### 4. Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni á skrifstofu

- Mikið verið um fundahöld í vikunni, mest vegna afreksmála.
- Fundur með Verditravel í dag þar sem verið var að skipuleggja flug og hótél fyrir HM2025. Mikilvægt er að hafa flugbókanir eins nákvæmar og hægt er vegna þess að breytingagjald á flugi með Icelandair hefur hækkað mikið. Verditravel hefur tekið frá fleira en eitt hótél fyrir liðið sem er verið að skoða. Ferðapakkarnir sem fóru í sölu fyrir nokkrum vikum hafa selst vel.
- Undirbúningur menntadagsins gengur ágætlega, dagskrá er að mótast og verður kynnt fljótlega, búið er að panta fatnað fyrir knapana sem koma fram og verið er að athuga möguleika á að selja streymi af sýningunum. Hesta-PubQuiz er í góðum undirbúningi og verður það haldið föstudagskvöldið 29. nóv.
- Íslandsmótið og Áhugamannamót Íslands eru í auglýsingu, frestur til að sækja um að halda þau er 15. desember.
- Þrjár tilnefningar bárust um féлага ársins, kosning stendur yfir og hafa yfir 400 atkvæði verið greidd.
- Tilnefningar um reiðkennara ársins voru 10 og mun menntanefnd velja úr tilnefningum sem verður kosið á milli.

#### 5. Staða verkefna

Farið yfir verkefnalista stjórnar.

##### *Dómaranefnd*

Lagt er til að nefndin verði stækkuð í fimm manna nefnd með tveimur varamönnum. Formaður LH verði formaður nefndarinnar, HÍDÍ og GDLH falið að skipa einn fulltrúa hvor, tveir aðilar til viðbótar skipaðir af stjórn.

*Afgreiðsla: Samþykkt. Formanni falið að hafa samband við tvo aðila sem rætt var um að skipa í nefndina.*

#### 6. Önnur mál

- a. Hestamannafélagið Hörður hefur sent um umsókn um styrk fyrir Íslandsmót barna og unglinga 2024.  
*Afgreiðsla: Umsókn móttækin. Óskað er eftir upplýsingum um fjárhgaslega afkomu mótsins.*
- b. Öryggisnefnd LH skilar inn umsögn um fyrirhugaða stækkun golfvallar í Mosfellsbæ sem gerir ráð fyrir að golfvöllurinn verði beggja vegna við reiðveg sem er til staðar.
- c. Þórhildur Katrín og Gróa Björg Baldvinsdóttir taka að sér að kanna lagalega stöðu reiðvega í þjóðgörðum skv. samþykkt landsþings.
- d. Leisure riding nefnd FEIF ætlar að tilnefna útreiðaland ársins á FEIF þingi. Verið er að undirbúa samantekt um um útreiðaviðburði sem haldnir hafa verið á Íslandi.
- e. Vinna við kostnaðaráætlun fyrir afreksmálin er í gangi.

Næsti fundur boðaður fimmtudag 20. nóv. á staðfundi fyrir þá sem komast og boðið upp á fjarfund fyrir þá sem ekki komast.



*Fundi slitið kl. 20.20*